

**Nd.**

## **772. Breytingartillögur**

við frv. til 1. um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:
  1. Fiskideild.
  2. Fiskiðnaðardeild.
  3. Iðnaðardeild.
  4. Landbúnaðardeild.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Fiskideild starfar að
  1. Fiskirannsóknum.
  2. Sjórannsóknum.
  3. Svifrannsóknum.
  4. Botndýrarannsóknum.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknum á hagnýtingu sjávarafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:  
Iðnaðardeild starfar að
  1. Almennum efnarannsóknum.
  2. Gerlarannsóknum, þar á meðal mjólkurannsóknum.
  3. Matvælarannsóknum.
  4. Rannsóknum á byggingarefnum og öðrum smíðaefnum.
5. Við 5. gr. Greinin orðist svo:  
Landbúnaðardeild starfar að:
  1. Jarðvegsrannsóknum.
  2. Jurtakynbótum og frærannsóknum.
  3. Rannsóknum jurtasjúkdóma.
  4. Fóðurannsóknum og fóðurtilraunum.
  5. Búfjárkynbótum.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:  
Ráðherra getur breytt verksviði deilda og aukið eftir þörfum, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna. Ráðherra sker úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.  
Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð. Ráðherra getur að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

**7. Við 7. gr. Greinin orðist svo:**

Forseti Íslands skipar forstöðumann fyrir hverja undirdeild atvinnudeilda til 4 ára í senn, enda skal hann vera starfandi sérfræðingur innan deildarinnar. Forstöðumenn hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar.

Ráðherra skipar sérfræðinga, allt að 13 að tölum. Þeir hafa sömu réttindi og skyldur sem dósentar. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þeirra. Sérfræðingar skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Auk þess skulu þeir hafa unnið að vísindalegum rannsóknum í 4 ár hið fæsta að loknu háskólaprófi, en heimilt er að meta doktorspróf eða vísindalega ritgerð þar til jafns við.

Ráðherra skipar aðra sérfræðinga eða ræður þá til ákveðins tíma, að fengnum tillögum forstöðumanns hlutaðeigandi deilda. Þeir skulu hafa lokið mag. scient. prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi í grein sinni. Þessi skilyrði gilda ekki um núverandi starfsmenn atvinnudeildar. Ráðherra er heimilt að gera undanþágu frá þessum kröfum, að fengnum tillögum deilda.

Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum í samráði við forstöðumenn atvinnudeilda.

**8. Við 8. gr. Greinin orðist svo:**

Við atvinnudeild háskólans skal veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofannefndum greinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, er í 9. gr. getur.

**9. Við 9. gr. Greinin orðist svo:**

Eftir 3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

**10. Við 10. gr. Greinin orðist svo:**

Sérfræðingar atvinnudeilda skulu annast þar kennslu í greinum þeim, sem í 8. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, og telst það til embættistarfa þeirra. Ráðherra getur þó, að fengnum tillögum háskólaráðs, undanþegið einstaka starfsmenn kennsluskyldu að einhverju leyti eða öllu, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknastarfa þeirra.

**11. Við 11. gr. Greinin orðist svo:**

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 1. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

**12. Við 12. gr. Greinin falli niður.**

**13. Við 13. gr., sem verður 12. gr. Greinin orðist svo:**

Atvinnudeild lýtur lögum og reglugerð Háskóla Íslands, nema á annan veg sé mælt í lögum þessum.

**14. 14. gr. verði 13. gr.**

**15. Við 15. gr., sem verður 14. gr. Aftan við gr. komi ný málsg. svo hljóðandi:**

Um lagning vegar að tilraunastöðinni á Keldum frá þjóðveginum um Mosfellssveit gilda ákvæði IV. kafla vegalaga, nr. 101 1933.

16. Við 16. gr. Greinin orðist svo:  
Með lögum þessum eru úr gildi numin:  
9.—11. gr. l. nr. 64 1940.  
9.—19. gr. l. nr. 68 1940.
17. Við 17. gr. Í stað „1.—14. gr.“, komi: 1.—13. gr.
18. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.